

Úthlutunarreglur Styrktarsjóðs Bandalags háskólamanna

12. nóvember 2020

1. INNGANGUR

Um rétt sjóðfélaga og skipulag sjóðsins gildir skipulagsskrá Styrktarsjóðs BHM, samþykkt á stofnfundi sjóðsins 13. júní 2001. Samkvæmt 7. gr. hennar setur sjóðsstjórn nánari úthlutunarreglur og tekur við sérstakar aðstæður matskennda ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum.

2. SJÓÐSAÐILD

- a. **Almenn réttindi:** Réttur til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að áður hafi verið greitt styrktarsjóðsframlag vegna sjóðfélaga samtals í 6 mánuði og þar af 3 mánuði samfellt áður en tekjutap varð eða til útgjalda, sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, var stofnað. Sama á við um fæðingarstyrk, réttur til styrks miðast þá við fæðingardag barns. Þó öðlast sá rétt strax sem á rétt til greiðslu úr Sjúkrasjóði BHM (er hann verður sjóðfélagi í Styrktarsjóði BHM). Sama gildir um þá sem öðlast hafa rétt úr sjúkrasjóðum annarra stéttarféлага sem veita fyrrum sjóðfélögum úr Styrktarsjóði BHM sams konar rétt. Nýr réttur stofnast ekki vegna lausnarlauna.
- b. **Fæðingarorlof:** Sjóðfélagar sem fara í fæðingarorlof og velja að greiða stéttarfélagsgjald meðan á því stendur halda fullum réttindum.
- c. **Foreldraorlof:** Sjóðfélagar sem fara í foreldraorlof eiga rétt á öllum styrkjum. Réttindi miðast við að sjóðfélagi hafi hafið störf að nýju. Ekki myndast þó réttur til sjúkradagpeninga á meðan sjóðfélagi er í foreldraorlofi.
- d. **Í veikindum:** Sjóðfélagi sem hefur fullnýtt rétt sinn til sjúkradagpeninga nýtur áfram annarra réttinda í sjóðnum í allt að 6 mánuði stofni hann ekki til réttinda annars staðar. Sjóðfélagar sem eru á endurhæfingarlífeyri hjá TR halda réttindum sínum til annarra styrkja en sjúkradagpeninga.
- e. **Atvinnulausir:** Einstaklingar með full réttindi við upphaf atvinnuleysis halda réttindum sínum í eitt ár, enda hefjist bótatímabil eða til útgjalda sé stofnað innan árs frá upphafi atvinnuleysis. Skilyrði er að greitt sé stéttarfélagsgjald til viðkomandi stéttarfélags.

Stéttarfélögum er heimilt að lengja þetta tímabil svo lengi sem félagsmaður þiggur greiðslur frá Vinnuálastofnun, enda beri þau ábyrgð á greiðslu 0,75% iðgjalds til sjóðsins af atvinnuleysisbótum frá upphafi atvinnuleysistímabils. Stéttarfélögum skulu tilkynna sjóðnum fyrir hvaða sjóðfélagi þau greiða inn fyrir.
- f. **Aðild í launalausuleyfi:** Sjóðfélagar halda réttindum í launalausuleyfi í allt að sex mánuði. Styrkréttur miðast þó við að viðkomandi hafi hafið störf að nýju. Ekki eru greiddir sjúkradagpeningar vegna veikinda í launalausuleyfi.
- g. **Aðild við starfslok eða töku lífeyris:** Sjóðfélagar halda réttindum í 6 mánuði eftir að þeir láta af störfum og fara á lífeyri. Sjúkradagpeningar eru þó ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði. Réttur til sjúkradagpeninga fellur niður þegar taka lífeyris hefst, þó í síðasta lagi við 67 ára aldur.

3. UMSÓKNIR OG GÖGN

- a. **Umsóknir:** Sækja þarf um styrk til sjóðsins á rafrænu formi á þjónustugátt BHM „Mínum síðum“. Umsóknum ásamt viðeigandi gögnum/reikningum skal skilað inn rafrænt.
- b. **Afgreiðsla umsókna:** Hvert greiðslutímabil miðast við greiðsludag. Starfsmenn sjóðsins afgreiða umsóknir samkvæmt úthlutunarreglum þessum nema sérstaklega sé tekið fram í einstökum ákvæðum að sjóðsstjórn taki matskennda ákvörðun. Ef sjóðfélagi sættir sig ekki við ákvörðun starfsmanna sjóðsins, á hann ávallt rétt á að vísa máli sínu til stjórnar Styrktarsjóðs BHM.
- c. **Gögn:** Nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum. Þessi gögn eru: Rafrænir eða skannaðir, löglegir reikningar með nafni umsækjanda, sem sannanlega eru greiddir. Á reikningnum þurfa að vera upplýsingar um þann sem gefur reikninginn út og fjöldi skipta og dagsetningar meðferða eða kaupna á vöru eða þjónustu. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir frumriti reiknings áður en útborgun á sér stað.
- d. **Upphæð styrks - staðgreiðsla skatta:** Ekki eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum. Staðgreiðsla skatta er dregin af styrkfjárhæðum, þó ekki af líkamsræktarstyrk, meðferð á líkama og sál og dánarbótum. Sjóðfélagi í hlutastarfi sem greiðir minna en kr. 838 krónur í sjóðinn á mánuði í þrjá mánuði fyrir umsóknardag fær aðeins hálfan styrk frá sjóðnum.

- e. **Fyrning umsókna:** Réttur til greiðslna úr sjóðnum fyrnist sé ekki sótt um innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað eða tekjutap varð. Þó fyrnist réttur til greiðslna úr sjóðnum að liðnum 3 mánuðum frá því síðast var greitt iðgjald til sjóðsins.
- f. **Skilgreiningar:**
- Með barni í reglum þessum er auk kynbarns, kjörbarns og fósturbarns átt við stjúpbarn og barnabarn sem býr á heimili sjóðfélaga eða þarfnast greinilega umönnunar sjóðfélaga.
 - Með langtímaveikindum er átt við veikindi sem vara samfelld lengur en í 30 almanaksdaga.

4. **SJÚKRADAGPENINGAR VEGNA ÓLAUNADRAR FJARVERU FRÁ VINNU**

Réttur til sjúkradagpeninga vegna sannanlegs tímabundins tekjutaps sjóðfélaga sökum óvinnufærni vegna veikinda eða slysa, þ.m.t. veikinda á meðgöngu er sem hér segir:

- Sjúkra- og slysdagpeningar:** Greiðast í allt að 8 mánuði enda séu launagreiðslur í veikinda- eða slysaforföllum hættar eða skertar. Samanlagðar greiðslur sjóðsins skulu þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur tekjutapi sjóðfélaga. Sjúkradagpeningar eru að hámarki greiddir í þrjá almanaxsmánuði afturvirkir miðað við umsóknarmánuð.
- Upphæð sjúkradagpeninga:** Upphæð sjúkradagpeninga skal nema 80% af grunni inngreiðslna í sjóðinn síðustu 8 mánuði áður en greiðslur féllu niður þó að hámarki kr. 713.000 á mánuði.

Sé um að ræða uppgjörsgreiðslur á tímabilinu, s.s. á orlofi vegna uppsagnar eða starfsloka sem gerðar eru upp í einu lagi, þá er litið svo á að um sé að ræða framtíðargreiðslur fyrir næstu mánuði og hafa þær því ekki áhrif á útreikning upphæðar sjúkradagpeninga.

Allar skattskyldar greiðslur frá öðrum aðilum umfram 20% af grunni inngreiðslna síðustu 8 mánuði, koma að fullu til frádráttar sjúkradagpeninga frá sjóðnum.

Sjóðurinn greiðir ekki sjúkradagpeninga í þeim tilvikum þar sem sjóðfélagi nýtur greiðslna vegna tekjutaps fyrir sama slys/veikindatímabil frá öðrum, t.d. greiðslur úr slysatryggingu launafólks og greiðslur vegna slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Komi til þess að slíkar greiðslur séu lægri en fjárhæð útreiknaðra sjúkradagpeninga frá STBHM er sjóðnum heimilt að greiða mismuninn.

Sjúkradagpeningar eru greiddir til viðbótar sjúkradagpeningum frá Sjúkratryggingum Íslands. Sjá þó gr. 4.d. vegna atvinnulausra.

Ef nám er hluti af endurhæfingu þarf að skila staðfestingu frá skóla um einingafjölda náms. Sé sjóðsfélagi í námi þá getur stjórn metið hvort slíkt nám komi til skerðingar.

- Veikindi eða slys sjóðfélaga:** Sjóðurinn greiðir sjúkradagpeninga í allt að 8 mánuði samanlagt vegna veikinda eða slysa sjóðfélaga þegar veikindarétti samkvæmt kjarasamningum sem og öðrum lögbundnum réttindum sleppir svo sem rétti til greiðslna í fæðingarorlofi og vegna veikinda barna. Sjóðfélagi öðlast rétt til sjúkradagpeninga að nýju eftir 12 mánaða iðgjaldagreiðslu eftir að fyrra bótatímabili lýkur og öðlast þá hálfan rétt (4 mánuði) en fullan rétt (8 mánuði) eftir 24 mánuði.

Sjúkradagpeningar eru greiddir í allt að 8 mánuði vegna eigin veikinda. Hafi verið greitt í sjóðinn í færri en 8 mánuði, miðast réttur til sjúkradagpeninga við fjölda þeirra mánaða sem greiddir hafa verið. Þannig hefur sjóðfélagi sem greitt hefur til sjóðsins í sex mánuði áunnið sér rétt til sjúkradagpeninga í sex mánuði.

Hafi sjóðsfélagi ekki fullnýtt bótatímabil sitt og leggi fram nýja umsókn er stjórn heimilt að meta hvort veikindi tilheyri því bótatímabili eða hvort um nýtt bótatímabil sé að ræða.

- Atvinnulausir:** Sjúkradagpeningar geta aldrei numið hærri upphæð en atvinnuleysisbætur sem fallið hafa niður.
- Veikindi á meðgöngu:** Verðandi mæður sem þurfa að leggja niður störf á meðgöngu, vegna meðgöngutengdra kvilla, skulu hafa kannað rétt sinn til framlengingar á fæðingarorlofi frá Fæðingarorlofssjóði áður en réttur til sjúkradagpeninga kemur til greina. Styrktarsjóði BHM er þá heimilt að kalla eftir að sjóðfélagi framvísi staðfestingu frá Fæðingarorlofssjóði um réttindastöðu þar.

Sé fyrrgreindur réttur til framlengingar á fæðingarorlofi til staðar eiga verðandi mæður rétt á greiðslu sjúkradagpeninga til að veða á móti tekjuskerðingu fram að fæðingardegi barns. Upphæð sjúkradagpeninga miðast við greiðsluáætlun frá Fæðingarorlofssjóði. Viðkomandi sjóðfélagi ber að fullnýta rétt sinn hjá Fæðingarorlofssjóði.

- f. **Vegna veikinda og/eða slysa sjóðfélaga í fæðingarorlofi:** Ef foreldri getur ekki annast barn sitt vegna veikinda og/eða slysa í fæðingarorlofi greiðir sjóðurinn allt að 6 vikur. Þó er ekki greitt fyrir fyrstu 10 dagana í veikindum. Forsenda er að viðkomandi segi sig af greiðslum frá Fæðingarorlofssjóði.
- g. **Veikindi barns sjóðfélaga:** Hægt er að sækja um styrk til sjóðsstjórnar vegna alvarlegra veikinda barns í allt að 6 mánuði. Sjóðsstjórn metur hvert einstakt tilvik fyrir sig með hliðsjón af öllum aðstæðum, þ.m.t. annarra styrkja og rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Ekki er greitt fyrir styttri veikindatíma en samfelldar 2 vikur. Enda séu greiðslur vegna veikindadaga barna fullnýttar hjá vinnuveitanda.
- h. **Veikindi maka sjóðfélaga:** Sjóðurinn greiðir sjúkradagpeninga í allt að 2 mánuði vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu vegna alvarlegra langtímaveikinda maka eða sambúðarmaka. Þó er ekki greitt fyrir fyrstu 10 dagana í veikindum.
- i. **Mjög alvarleg veikindi annarra nákominna.** Vegna annarra nákominna er stjórn sjóðsins heimilt að greiða sjúkradagpeninga í allt að 2 vinnuvikur ef sjóðfélaga er ekki heimiluð launuð fjarvera. Þó er ekki greitt fyrir fyrstu 10 dagana í veikindum.
- j. **Andlát nákominna:** Vegna maka, sambúðarmaka eða barns, greiðir sjóðurinn sjúkradagpeninga í allt að 2 vinnuvikur ef starfsmanni er ekki heimiluð fjarvera án skerðingar á launum. Sama gildir um fráfall annarra nákominna.
- k. **Heimildarákvæði vegna sjóðfélaga sem flytjast milli styrktar- sjúkrasjóða.** Stéttarfélögum er heimilt að greiða eingreiðslu í Styrktarsjóð BHM vegna félagsmanna sinna, sem hafa verið á vinnumarkaði síðastliðna 6 mánuði og eiga rétt í öðrum sjúkrasjóði, í þeim tilgangi að tryggja félagsmanni/sjóðfélaga rétt til úthlutunar sjúkradagpeninga frá upphafi sjóðsaðildar.

Skal stéttarfélag greiða Styrktarsjóði BHM eingreiðslu sem nemur 0,75% af heildarlaunum viðkomandi félagsmanns síðustu 6 mánuði í launuðu starfi. Öðlast félagsmaður/sjóðfélagi þá rétt til greiðslu sjúkradagpeninga í allt að 6 mánuði við upphaf sjóðsaðildar. Réttur til greiðslu sjúkradagpeninga eykst svo í réttu hlutfalli við inngreiðslur í sjóðinn.

Sjóðfélagi öðlast rétt til greiðslu annarra styrkja eftir iðgjald hefur verið greitt í sjóðinn í 6 mánuði. Stéttarfélög skulu tilkynna sjóðnum um að þau ætli sér að nýta þessa heimild.

- l. **Sjúkradagpeningavottorð:** Skila skal sjúkradagpeningavottorði frá lækni með umsókn um sjúkradagpeninga. Að jafnaði skal skila inn nýju sjúkradagpeningavottorði á tveggja mánaða fresti. Kostnaður vegna vottorða er endurgreiddur gegn framvísun kvittunar.
- m. **Annað:** Greiddir eru sjúkradagpeningar vegna læknisrannsókna sem eru undanfari frekari aðgerða, líffæragjafar eða aðgerða sem taldar eru nauðsynlegar að mati læknis. Einnig vegna glasa- og tæknifrjóvgunar og áfengis- og fíkniefnameðferðar í allt að 6 vikur.

5. **ANDLÁT SJÓÐFÉLAGA**

Dánarbætur: Greiddar eru dánarbætur vegna andláts greiðandi sjóðfélaga kr. 350.000 til erfingja. Sama gildir um sjóðfélaga sem látið hefur af störfum vegna aldurs og andast innan tveggja ára frá því að hann lætur af störfum. Réttur til greiðslu dánarbóta fyrnist sé ekki sótt um innan 24 mánaða frá dánardegi.

Eftirfarandi styrkir eru eingöngu fyrir sjóðfélaga. Styrkir eru ekki greiddir fyrir meðferð og/eða þjónustu vegna barns/barna, maka eða annarra að undanskilinni gr. 15.

6. **ÚTLAGÐUR KOSTNAÐUR VEGNA MEÐFERÐAR Á LÍKAMA OG SÁL, ANNARS EN LÆKNISKOSTNAÐAR**

Endurgreiðsla vegna útlagðs kostnaðar er að hámarki kr. 33.000 á hverju 12 mánaða tímabili fyrir eftirfarandi: Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, sjúkranudd, sálfræðiþjónusta, hjúkrunarmeðferð, félagsráðgjöf, næringarráðgjöf, meðferð hjá kiropraktor, osteópata, eða sambærilega meðferð hjá löggiltum heilbrigðisstarfsmanni. Smíði sérstakra innleggja hjá stoðtækjafraeðingi eru einnig styrkt. Fyrirbyggjandi hópmeðferð hjá löggiltum heilbrigðisstarfsmönnum er heimilt að styrkja í sérstökum tilfellum.

Meðferð skal falla undir löggildingu viðkomandi starfsstéttar. Námskeið eru ekki styrkt.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir læknisvottorði og/eða upplýsingum um meðferðaraðila.

7. **KRABBAMEINSLEIT – greitt er eftirfarandi:**
- Fyrir reglubundna kembileit að brjósta- og/eða leghálskrabbameini er greitt eftir taxa Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins.
 - Þurfi félagsmaður að fara í framhaldsrannsókn er greitt kr. 10.000.
 - Fyrir krabbameinsskoðun í ristli er greitt kr. 10.000.
 - Fyrir krabbameinsskoðun á blöðruhálskirtli er greitt kr. 10.000.
8. **ÁHÆTTUMAT VEGNA HJARTASJÚKDÓMA**
Sjóðurinn styrkir frumskoðun að hámarki 10.000 kr.
9. **DVÖL TIL ENDURHÆFINGAR Á HEILSUSTOFNUN AÐ LÆKNISRÁÐI**
Greitt er 30% af reikningi. Hámarksstyrkur er kr. 50.000 á tveggja ára fresti.
- Dvöl á Heilsustofnun NLFÍ og Lækningalind Bláa Lónsins vegna húðmeðferðar.
 - Áfengis og/eða vímuefna meðferð.
10. **LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR**
Veittur er líkamsræktarstyrkur að hámarki kr. 20.000. Styrkurinn miðast við 12 mánaða tímabil. Einnig er greitt fyrir líkamsrækt sem sjóðfélagi einn getur nýtt sér.
Kaup á tækjum og/eða öðrum útbúnaði til heilsuræktar er ekki styrkhæfur hjá Styrktarsjóði BHM.
11. **GLERAUGU OG AUGNAÐGERÐIR**
Greidd eru að hámarki kr. 30.000 af gleraugnaverði (glerjum og umgjörð) til að leiðrétta sjón á hverjum 24 mánuðum. Nýta má styrkréttinn til linsukaupa í stað gleraugna og sömuleiðis má nýta hann upp í kostnað vegna laseraðgerða eða augasteinaskipta.
12. **HEYRNARTÆKI**
Greiddur er styrkur til kaupa á heyrnartækjum, allt að 30% af upphæð reiknings að frádregnum styrk Sjúkratrygginga Íslands. Styrkur er veittur á þriggja ára fresti. Hámarksstyrkur er kr. 100.000.
13. **TANNVÍÐGERÐIR**
Greitt er 15% af útlögðum kostnaði vegna tannviðgerða þegar kostnaður er kominn umfram kr. 120.000. Heildarkostnaður hverrar umsóknar þarf að vera að lágmarki kr. 120.000. Með hverri umsókn þarf að fylgja einn eða fleiri reikningar sem dagsettir eru á sl. 12 mánuðum miðað við umsóknardag.

Hægt er að sækja um oftari en einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili frá greiðslu styrks, en hámarksstyrkur er kr. 200.000. Hreinar fegrunaraðgerðir eru undanskildar.
14. **MEÐFERÐ Á GLASAFRJÓVGUNARDEILD**
Greitt er 30% af reikningi vegna tækni-, smásjár- eða glasafrjóvgunarmeðferða, lyf ekki innifalin. Hámarksstyrkur er 120.000 kr. á 12 mánaða tímabili.
15. **FERÐASTYRKUR**
Hægt er að sækja um styrk til utanfarar í lækningaskyni vegna alvarlegra veikinda sjóðfélaga, maka eða barna hans ef almannatryggingar taka ekki þátt í kostnaði. Hámarksstyrkur er kr. 100.000 á 12 mánaða tímabili.
16. **HJÁLP VEGNA STARFSTENGDRÁ ÁFALLA EÐA ÓVÆNTRA STARFSLOKA**
Sjóðurinn styrkir meðferð, allt að átta skipti, hjá faglega viðurkenndum aðila, sem hefur starfsleyfi frá Embætti landlæknis, til að vinna úr áfalli í starfi eða í kjölfar óvæntra starfsloka samkvæmt beiðni trúnaðarmanns/stéttarfélags.
17. **HEILBRIGÐISKOSTNAÐUR**
Við sérstakar aðstæður, s.s. óvænt mikil útgjöld umfram 150.000 kr. sem rekja má til alvarlegra ófyrirséðra veikinda eða slysa sjóðfélaga sjálfs, getur sjóðstjórn veitt styrk allt að 150.000 kr. á hverjum 12 mánuðum. Greitt er 30% af styrkhæfum kostnaði.

Ekki er greitt vegna lyfjakostnaðar eða annars heilbrigðiskostnaðar sem fellur undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands, þ.m.t. aðgerðir/meðferðir á einkastofum sem einnig eru framkvæmdar í almenna heilbrigðiskerfinu. Ekki er greiddur kostnaður vegna fegrunaraðgerða. Ekki er greitt vegna kostnaðar sem fellur undir önnur ákvæði úthlutunarreglna þessara að undanskildum kostnaði sem fellur undir 6. gr. Endurgreiðslur vegna 6. greinar dragast frá styrkhæfum kostnaði.

Sjóðsstjórn metur hverju sinni hvort umsókn falli undir ákvæðið.

18. FÆÐINGARSTYRKUR

- a. Báðir foreldrar eiga rétt séu þeir aðilar að sjóðnum og uppfylla skilyrði um sjóðsaðild. Upphæð styrks miðast við starfshlutfall.
Sækja þarf um innan árs frá fæðingu barns. Fæðingarstyrkur er veittur til foreldris gegn framvísun fæðingarvottorðs/eða vottorði um skráningu barns í þjóðskrá og afriti af nýjasta launaseðli fyrir fæðingardag barns (með réttu starfshlutfalli).
Fullur styrkur fyrir barn er kr. 200.000 til foreldris vegna hvers barns en lækkar í samræmi við starfshlutfall
- b. Hálfur styrkur er greiddur vegna fósturláts eftir 18 vikur og andvana fæðingar
- c. Fæðingarstyrkur á einnig við um þá sjóðfélaga sem falið er varanlegt fóstur samkvæmt fóstursamningi
- d. Við sérstakar aðstæður er stjórn sjóðsins heimilt að veita undanþágu frá fyrningarfresti, í e. lið 3. gr., við veitingu fæðingarstyrks

19. ÆTTLEIÐINGARSTYRKUR

Veittur er styrkur að fjárhæð kr. 170.000 vegna útgjalda við utanför til að sækja barn til ættleiðingar til hvers sjóðfélaga.

20. VILLANDI - EÐA RANGAR UPPLÝSINGAR

Sá sem gefur rangar eða villandi upplýsingar eða lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar, kann að missa rétt til bóta í allt að tvö ár samkvæmt ákvörðun stjórnar. Í slíkum tilfellum er sjóðsstjórn heimilt að endurkrefja bótaþega um alla bótafjárhæðina auk dráttarvaxta. Sjóðstjórn er heimilt að draga frá ofgreiddar bætur við næstu úthlutanir til sjóðfélaga. Sjóðstjórn er heimilt að draga ofgreiddar bætur og/eða styrki frá úthlutunum sem sjóðsfélagi á rétt til eða kann að öðlast rétt til síðar.

21. GILDISTAKA

Úthlutunarreglum þessum var síðast breytt 12. nóvember 2020 og gilda þar til sjóðsstjórn hefur breytt reglum og birt þær.

22. BIRTING

Úthlutunarreglur þessar, breytingar á þeim og nýjar úthlutunarreglur skal birta opinberlega á heimasíðu BHM www.bhm.is